

Breytingar á golfreglunum 2012

R&A og USGA yfirfara golfreglurnar reglulega. Reyndar eru golfreglunefndir þessarar samtaka alltaf starfandi.

Endurskoðaðar golfreglur hafa verið gefnar út á fjögurra ára fresti síðan 1972 og nú tóku nýjar reglur gildi um áramótin. Þær munu gilda til 31. des. 2015. Breytingarnar nú eru ekki mjög margar, en sumar þeirra eru býsna mikilvægar. Hér verður farið yfir þessar breytingar og leitast við að útskýra þær.

Skilgreiningar.

Skilgreiningu á hugtakinu „*að miða bolta*” (*addressing the ball*) hefur verið verulega breytt.

Nú hefur leikmaður miðað bolta sinn „*þegar hann hefur lagt kylfuna á jörðina þétt framan eða aftan við boltann, hvort sem hann hefur tekið sér stöðu eða ekki*”. Það að taka sér stöðu er því ekki lengur hluti af því að miða bolta. Af þessu leiðir að nú er leikmaður ekki talinn miða bolta í torfæru, því að þar má hann ekki grunda kylfuna.

Leikmaðurinn fær því ekki víti ef það er vitað eða nánast öruggt að bolti sem hreyfist eftir miðun, hreyfist af t.d. vindi eða öðrum ástæðum sem ekki verða raktar til neinna gerða leikmannsins. En það verður að vera vitað eða nánast öruggt að svo sé, því að allur vafi er túlkaður leikmanninum í óhag.

Úrskurður 18-b/2 er nýr og tilkominn vegna breytingarinnar á þessarri skilgreiningu:

Spurning: Getur leikmaður miðað bolta sinn í torfæru?

Svar: Þar sem skilgreiningin á hugtakinu „*að miða bolta*” segir að:

„*leikmaður hefur miðað bolta þegar hann hefur grundað kylfuna strax framan við eða strax aftan við boltann, hvort sem hann hefur tekið sér stöðu eða ekki,*” er það almennt svo að leikmaður getur ekki miðað bolta sinn í

torfæru án þess að baka sér almennt víti samkvæmt reglu 13-4 (þ.e. ef hann:

Prófar ástand torfærunnar eða annarrar svipaðrar torfæru;

Snertir jörð í torfærunni eða vatn í vatnstorfærunni, með hendi eða kylfu; eða Snertir eða hreyfir lausung sem liggur í eða snertir torfæruna).

Það að grunda kylfu í torfæru kostar holutap í holukeppni, tvö högg í höggleik.

Úrskurður 18-2b/7 er breyttur vegna breytinga á skilgreiningunni.

Spurning: Leikmaður miðar bolta sinn (þ.e. leggur kylfuna á jörðina þétt framan eða aftan við hann). Hann áttar sig nú á því að boltinn liggur í halla og hætta er á að hann geti hreyfst. Hann lyftir kylfunni og stígur aftur á bak, gengur aftur að og leggur nú ekki kylfuna á jörðina (þ.e. miðar ekki boltann). Áður en hann slær hreyfist boltinn. Hvernig dæmist?

Svar: Leikmaðurinn fær eitt vítahögg samkvæmt reglu 18-2b (bolti hreyfist eftir miðun) og verður að leggja boltann aftur, nema vitað sé að eitthvað annað, t.d. vindur hafi valdið hreyfingu boltans (sjá breytingu á reglu 18-2b síðar).

Golfreglur.

Regla 1-2. Að hafa áhrif á hreyfingu boltans eða að breyta aðstæðum við leik bolta.

„Leikmaður má ekki (i) gera neitt í því augnamiði að hafa áhrif á hreyfingu bolta í leik, eða (ii) breyta kringumstæðum í því skyni að hafa áhrif á leik um holi.

Undantekningar:

- 1. Athöfn sem er sérstaklega leyfð eða sérstaklega bönnuð af annarri reglu fellur undir þá reglu en ekki reglu 1-2.*
- 2. Athöfn sem er framkvæmd í þeim eina tilgangi að halda vellinum snyrtilegum er ekki brot á reglu 1-2”.*

Reglunni er breytt til að það komi skýrar fram, að ef leikmaður gerir eitthvað viljandi til að hafa áhrif á hreyfingu bolta, eða til að breyta kringumstæðum við leik til að hafa áhrif á leik um holi á einhvern hátt sem reglurnar leyfa ekki, gildir regla 1-2 aðeins þegar brotið varðar ekki við aðra reglu. Dæmi: Ef leikmaður lagar legu bolta síns í leik brýtur hann reglu 13-2 og þá gildir sú regla, en ef hann lagar legu bolta meðspilara síns í leik nær regla 13-2 ekki yfir það og þess vegna gildir þá regla 1-2 í því tilviki. (Annars kæmist leikmaðurinn upp með brotið ef engin regla nærði yfir það).

Nefndinni er eftir sem áður gefinn kostur á að beita frávísunarvíti við alvarlegu broti á reglu 1-2.

Úrskurður 1-2/0.7,

Spurning: Hvað er átt við með „athöfn sem er framkvæmd til þess eins að snyrta og laga völlinn” í undantekningu á reglu 1-2.

Svar: Hér er átt við gerðir (athafnir) sem samræmast góðri umgengni um völlinn eins og rætt er um í Siðareglunum, að því tilskildu að það sé gert í þeim eina tilgangi að snyrta völlinn og stuðla að góðri umgengni um hann, en hvorki sé með því verið að hafa viljandi áhrif á hreyfingu boltans né verið að hafa viljandi áhrif á leikinn með því að breyta kringumstæðum leiksins.

Dæmi: Áður en leikmaður þúttar á flöt má hann ekki laga gaddaför (spike marks) á flötinni til þess að hafa áhrif á rennsli boltans þegar hann þúttar.

Hins vegar er það tillitsemi við aðra leikmenn og góð umgengni um völlinn að laga slík gaddaför, þegar allir hafa lokið leik á flötinni. Sömuleiðis má leikmaður hvorki þrýsta niður torfusneplum á svæði þar sem bolti á hreyfingu gæti stöðvast, né þrýsta niður torfusneplum á svæði þar sem láta á bolta falla, til þess

að með því hafa áhrif á hreyfingu boltans (svo að hann fái ekki vonða legu). Hins vegar er það góð umgengni um völlinn og kurteisi við aðra leikmenn að leggja torfusnepla aftur í farið eftir að hafa slegið boltann. Samkvæmt siðareglum er það sömuleiðis skylda hvers leikmanns að laga þær skemmdir á vellinum sem hann hefur valdið við leik.

Regla 6-3a. Rástími.

Grundvallarbreytingar hafa verið gerðar á þessari reglu, og aths. eftir reglu 6-3 hefur verið felld brott. Það þýðir að nú varðar það ekki lengur frávísun ef leikmaður mætir á rásstað innan 5 mínútna eftir rástíma sinn. Nefndin hefur þó lengi haft þann möguleika að setja þá undantekningu í keppnisskilmála, að það varði ekki frávísun ef leikmaður mætir innan 5 mín eftir rástíma sinn. Nú hefur þessi undantekning verið tekin inn í regluna, þannig að nú gildir að leikmaður sem mætir innan 5 mín eftir rástíma sinn fær ekki frávísun heldur tapar fyrstu holunni í holukeppni og fær tvö högg í víti í höggleik.

„*Undantekning:* Telji nefndin að mjög sérstakar kringumstæður hafi varnað leikmanninum því að mæta á réttum tíma er það vítalaust”.

Um þetta er nánar fjallað eftirfarandi úrskurði:

Úrskurður 6-2/1.5, Undantekningartilfelli, sem leyfa undantekningu frá frávísunarvíti samkvæmt reglu 6-3a.

Undantekningin á reglu 6-3a segir að ef Nefndin ákveði að sérstakar kringumstæður hafi tafið leikmann, þannig að hann hafi ekki getað mætt á réttum tíma sé það vítalaust.

Síðan nefnir R&A og USGA nokkur dæmi:

1. Leikmaður villist á leið á golfvöllum.
2. Mikil umferð veldur því að lengri tíma tekur að komast á völlum.
3. Meiri háttar umferðarslys veldur töf á leiðinni.
4. Bíll leikmanns bilar á leiðinni.
5. Leikmaður var á slyssað og lögregla bað hann að gefa vitnisburð um slysið. Annars hefði hann mætt á réttum tíma.

Síðan segja þeir að hér verði kringumstæður að ráða ákvörðun Nefndarinnar, en segja þó að aðeins dæmi 5 mundi undir venjulegum kringumstæðum uppfylla skilyrði reglu 6-3a um óvenjulegar aðstæður (Undirstrikun mín).

Þetta sýnir hve strangt R&A og USGA líta á þetta, þar sem þeir telja að ekkert hinna fjögurra atriðanna uppfylli það sem þeir telja „sérstakar kringumstæður” þ.e. sé nægileg afsökun fyrir að mæta of seint á teig, enda bæta þeir við: „*Það er á ábyrgð leikmanns að sjá til þess að hann hafi nægan tíma til að koma sér á völlum og hann verður að reikna með því að geta tafist*”. Dæmi um frávísanir vegna þessa eru nokkrar á mótaröðum atvinnumanna, þar sem atriði eins og t.d. 1, 2 og 3 hér að ofan hafa ekki verið talin gildar ástæður fyrir því að mæta of seint á teig.

Hér eru einnig fjórir úrskurðir sem tengjast því að mæta of seint á teig þar sem jafnvel sekúndur eru taldar skipta máli þegar úrskurðað er:

Úrskurður 6-3a/2, Rástími; allir keppendur verða að vera viðstaddir.

Spurning: Í högggleikskeppni áttu A, B og C rástíma kl. 09:00. Á þeim tíma voru A og B komnir og tilbúnir til leiks. C kom kl. 09:02, eftir að A og B höfðu slegið upphafshögg sín, en á þeim tíma þegar komið var að honum að leika samkvæmt rásröð. Hvernig dæmist?

Svar: Þar sem C kom innan 5 mín eftir rástíma sinn fær hann tvö högg í víti fyrir að mæta of seint á teig. Ef hann hefði komið eftir að 5 mín voru liðnar hefði hann fengið frávísun. Rásröð skiptir hér ekki máli.

Úrskurður 6-3a/2.5, Hvað þýðir rástími?

Spurning: Leikmaður á rástíma kl. 09:00 samkvæmt rástöflu. Hann kemur á teig kl. 09:00:45 og heldur því fram að klukkan sé ennþá 09:00 og því sé hann ekki of seinn. Hvernig dæmist?

Svar: Þegar rástími er skráður kl. 09:00 er hann kl. 09:00 og leikmaðurinn fær 2 vítahögg samkvæmt reglu 6-3a fyrir að mæta of seint, ef hann er ekki mættur kl. 09:00:00. Þess vegna fær þessi leikmaður holutap í holukeppni en 2 vítahögg í högggleik, nema Nefndin meti það svo að sérstakar kringumstæður leyfi niðurfellingu vítis. Sjá Úrskurð 6-3a/1.5.

Úrskurður 6-3a/4, Rástími. Leikmaður er seinn en hópur hans kemst ekki út vagna tafa.

Leikmaður á rástíma kl. 09:00 en mætir ekki á fyrsta teig fyrir en kl. 09:06, en af einhverjum ástæðum hafði leikur tafist og hópur hans var ekki ræstur fyrir en eftir að hann mætti. Um þetta segja R&A og USGA, að vegna þess að ekki var hægt að ræsa hópinn á réttum tíma og leikmaðurinn mætti áður en hægt var að ræsa hans leikhóp þá fái hann ekki víti samkvæmt reglu 6-3a.

Athugið að það er líka reglubrot að hefja leik áður en rástími er kominn:

Úrskurður 6-3a/5, Leikmenn hefja leik of snemma (fyrir rástíma sinn).

Spurning: Í högggleik eiga A, B og C rástíma kl. 09:00. Allir voru á 1. teig kl. 08:56. Án þess að hafa fengið leyfi til þess, sló A út kl. 08:58, B kl. 08:59 og C kl. 09:00. Hvernig dæmist?

Svarið er nokkuð langt en megininntak þess er, að ef A og B hafa leikið of snemma í leyfisleysi ættu þeir að fá frávísun samkvæmt ákvæðum um refsingu fyrir brot á reglu 6-3a (síðasta línan segir: „otherwise, the penalty for breach of this Rule is disqualification”), en C ætti ekkert víti að fá, þar sem hann sló út kl. 09:00, þ.e. á réttum tíma. Hins vegar hafi þeir A og B slegið út minna en 5 mín fyrir rástíma sinn og því ætti Nefndin að minnka vítið í tvö högg hjá

hvorum þeirra samkvæmt heimild í reglu 33-7 og í samræmi við vítið fyrir að mæta of seint en þó innan 5 mínútna.

Í þessum úrskurði kemur fram að R&A og USGA telja það jafn refsivert að mæta of seint og að slá of snemma í leyfisleysi.

Regla 12-1 Leitað að bolta. Að sjá bolta.

Reglan er umskrifuð til að gera hana skýrari. Hún hefst þannig:

„Leikmaður á ekki endilega kröfu á að sjá bolta sinn þegar hann greiðir honum högg”.

„Leikmaðurinn má við leit að bolta, hvar sem er á vellinum, snerta eða beygja hátt gras, sef, runna, þyrna, lyng eða annað þvíumlíkt en aðeins að því marki sem nauðsynlegt er til að finna og þekkja hann að því tilskildu að lega boltans, fyrirhuguð staða leikmannsins, sveiflusvið eða leiklína séu ekki bætt. Ef boltinn hreyfist fellur það undir reglu 18-2a að frá töldu því sem lýst er í greinum a-d í þessarri reglu”.

Leikmaðurinn fær því, eins og áður, víti ef hann fer ekki varlega og boltinn hreyfist, og eins og segir í reglu 18-2a verður að leggja boltann aftur ef hann hreyfist (sjá þá reglu).

„Til viðbótar þeim aðferðum sem leyfðar eru golfreglunum við að leita að og þekkja bolta, má leikmaðurinn einnig beita eftirtöldum aðferðum:

a) leitað að bolta sem er hulinn sandi og hann þekktur:

Ef bolti leikmanns er talinn hulinn sandi, hvar sem er á vellinum, að því marki að leikmaðurinn finur ekki boltann eða getur ekki þekkt hann má leikmaðurinn, vítalaust, snerta eða hreyfa við sandinum í því skyni að finna boltann og þekkja hann. Ef boltinn finnst og leikmaðurinn þekkir hann sem sinn, verður leikmaðurinn að endurgera legu boltans eins vel og hægt er. Hreyfist boltinn við að snerta eða hreyfa við sandinum þegar leitað er að boltanum eða hann þekktur er það vítalaust. Boltann verður að setja aftur á sinn fyrri stað og endurgera legu hans.

Þegar lega boltans er endurgerð má leikmaðurinn halda litlum hluta boltans sýnilegum.

b) leitað að eða bolta sem er hulinn lausung í torfæru og hann þekktur:

Sé boltinn talinn vera hulinn lausung í torfæru að því marki að leikmaðurinn finnur ekki boltann eða getur ekki þekkt hann má leikmaðurinn, vítalaust, snerta eða hreyfa lausungina í því skyni að finna boltann eða þekkja hann. Ef boltinn finnst og þekkir hann sem sinn, verður leikmaðurinn að setja lausungina þar sem hún lá. Hreyfist boltinn við að snerta eða hreyfa við lausunginni þegar leitað er að boltanum eða hann þekktur, gildir regla 18-2a (þ.e. hann fær eitt vítahögg). Ef boltinn hreyfist við að leggja lausungina aftur á sinn stað er það vítalaust og setja verður boltann aftur á sinn stað.

Ef boltinn var algerlega hulinn lausung verður leikmaðurinn að hylja hann lausunginni aftur en má halda litlum hluta boltans sýnilegum.

c) Leitað að bolta í vatnstorfæru:

Ef bolti er talinn liggja í vatni í vatnstorfæru má leikmaðurinn, vítalaust, þreifa eftir honum með kylfu eða á annan hátt. Liggi boltinn í vatni og hreyfist af slyzni við að þreifa eftir honum er það vítalaust og leggja verður boltann aftur, nema leikmaðurinn velji að fara að samkvæmt reglu 26-1 (þ.e. droppa upp úr torfærunni gegn vítishöggi). Liggi boltinn ekki í vatni og hreyfist, eða boltinn hreyfist af slyzni við annað en að þreifa eftir honum, gildir regla 18-2a (þ.e. leikmaðurinn fær eitt vítahögg).

d) Leitað að bolta í hindrun eða óeðlilegu ástandi vallar:

Ef bolti, sem liggur í eða á hindrun eða í óeðlilegu ástandi vallar (þ.e. grund í aðgerð, aðkomuvatni eða holu, uppróti eða rennu á vellinum eftir grafdýr, skriðdýr eða fugl), hreyfist af slyzni við leit, er það vítalaust. Leggja verður boltann aftur á sinn stað, nema leikmaðurinn velji að leika samkvæmt reglu 24-1b (hreyfanleg hindrun), 24-2b (óhreyfanleg hindrun) eða 25-1b (óeðlilegt ástand vallar), eftir því sem við á. Leggi leikmaðurinn boltann aftur á sinn stað má hann að því loknu leika samkvæmt einhverri þessara reglna, ef við á”.

Regla 13-4. Bolti í torfæru. Bannaðar gjörðir.

Undantekningu 2 hefur verið breytt til að leyfa leikmanni að slétta sand eða jarðveg í torfæru, hvenær sem er, jafnvel þegar bolti hans liggur í torfærunni, „að því tilskildu að það sé gert í þeim eina tilgangi að snyrta völlinn og að ekkert sé gert sem brýtur í bága við reglu 13-2 með tilliti til næsta höggs. Ef bolti sem leikið var úr torfæru er utan torfærunnar eftir höggið má leikmaðurinn slétta sand eða jarðveg í torfærunni án takmarkana”.

Regla 18-2b. Bolti hreyfist eftir miðun.

Hér er um veigamikla og sanngjarna breytingu að ræða, þegar nýrri undantekningu hefur verið bætt við þessa reglu. Hún hljóðar svo: „Ef það er vitað eða nánast öruggt að leikmaðurinn var ekki valdur að hreyfingu boltans á reglu 18-2b ekki við”. Þetta þýðir að leikmaðurinn fær ekki víti ef það er vitað eða nánast öruggt að bolti sem hann hefur miðað (þ.e. lagt kylfuna á jörðina þétt framan við eða aftan við boltann) t.d. fýkur til í miklum vindi. Þetta er nú vítalaust fyrir leikmanninn og hann verður að leika boltanum frá þeim stað sem hann stöðvaðist eftir að hafa fokið til (þ.e. hann má ekki leggja hann aftur í þessu tilfelli, vegna þess að það var ekki honum að kenna að boltinn hreyfðist).

Regla 19-1 Bolti á hreyfingu stöðvaður eða sveigður af leið.

Hér hefur **Aths.** aftan við reglu 19-1 verið aukin og tekin dæmi um atriði sem varða hana. Það er gert að gefnu tilefni t.d. þegar áhorfendur eru að breyta flugi

boltans t.d. grípa hann eða hafa áhrif á það hvernig/hvar boltinn kemur niður. Um þetta eru mörg dæmi úr atvinnumannamótum.

Nýja **Aths.** hljóðar svo: „Ef bolti leikmanns, sem er á hreyfingu, er vísvitandi sveigður úr leið eða stöðvaður af óviðkomandi:

a) eftir högg annars staðar en á flöt, verður að áætla staðinn þar sem boltinn hefði stöðvast. Ef sá staður er:

(i) á leið eða í torfæru, verður að láta boltann falla eins nærri og unnt er þeim stað.

(ii) út af, verður leikmaðurinn að fylgja reglu 27-1; eða

(iii) á flötinni, verður að leggja boltann á staðinn.

b) eftir högg á flöt, er höggið afturkallað. Boltann verður að leggja aftur og endurtaka höggið.

Ef óviðkomandi, sem sveigði boltann úr leið eða stöðvaði hann er meðkeppandi eða kylfusveinn hans gildir regla 1-2 um meðkeppandann”.

Regla 20-7c. Leikið af röngum stað; höggleikur.

Aths. 3 er breytt þannig að ef leikmaður á að fá víti fyrir brot á reglu 20-7c er vítið oftast tvö högg, jafnvel þótt önnur regla hafi verið brotin áður en höggið (frá röngum stað) var slegið.

Aths 3 hljóðar þannig:

„Hljóti leikmaður víti fyrir að greiða högg af röngum stað, er ekki víti til viðbótar fyrir:

(a) að láta annan bolta í staðinn þegar það er ekki leyft;

(b) að láta bolta falla þegar reglurnar áskilja að boltann skuli leggja, eða að leggja boltann þegar reglurnar áskilja að boltann skuli láta falla.

(c) að láta bolta falla á óleyfilgan hátt; eða

(d) að bolti sé látinn falla af einhverjum sem skv. reglunum má ekki láta boltann falla.

Eins og sjá má hafa nokkrar breytingar verið gerðar á reglunum og eru breytingarnar á skilgreiningunni á því að miða bolta, ásamt breytingum á reglum 1-2, 6-3a, 18-2b, 19-1 og 20-7c mikilvægastar, en breytingarnar á reglum 12-1 og 13-4 eru líka mikilvægar.